

## Litla Maddie og stóri Pfizer

„Maddie de Garay er fjórtán vetra gömul. [Hún] tók þátt í tilraunabólusetningu Pfizer og hlaut af taugaskaða, þar með taldir krampar og varanleg lömum. Samt sem áður skýrði Pfizer svo frá, að hún hefði einungis þjáðst af magaverkjum. Pfizer bóluefnið fékk aðeins úthlutuðu neyðarleyfi til notkunar á börnum, þar eð Pfizer hafði falsað tilraunagögn og framið alvarleg afbrot eins og það, að leynd heilsufarstjóni Maddie.

Sé út frá því gengið, að Maddie hafi verið einasti unglundurinn af 2.300 í tilraunum Pfizer, er tjón hennar hugsanlega, talvert þýðingarmikið. Sé framreiknað samkvæmt tíðninni einn af 2.300, munu u.þ.b. 36.000 [unglingar] verða fyrir hugsanlegu heilsutjóni á alríkisgrundvelli, [en] Pfizer og Dr. [Anthony] Fauci [Þórólfur Bandaríkja Norður-Ameríku] ætla sér að bólusetja 86 milljónir ungmenna. ...

Klínísk gögn sýna líkur á hugsanlega, banvænum hjartabólgu, hjá einum af 318 unglungum. Gögn, eftir markaðssetningu [bóluefnisins], staðfesta stjarnfræðilega háa tíðni skaða vegna hjartavöðvabólgu. ...

Samkvæmt grein í „Efst á baugi í hjartasjúkdómafræði“ (Current Trends in Cardiology): „Innan átta vikna, eftir að bóluefnið við Covid-19 kom á almennan markað fyrir unglunga á aldrinum tólf til fimmtán ára, komu í ljós nítján sinnum fleiri tilvik hjartavöðvabólgu hjá bólusettum sjálfboðaliðum en vænta mátti miðað við venjulegt algengi. En í þessum uggvekjandi tölum gæti þó falist vanmat tilkynninga um hjartavöðvatjón.“

Gögn frá Ísrael og BNA „sýndu, að tíðni tilkynntra tilvika hjartavöðvabólgu hjá bólusettum piltum á aldrinum tólf til sautján ára sé að minnsta kosti tuttugu og fimm föld miðað við eðlileg tíðni – og fimmtíu sinnum hærrí en tíðni skráðra tilvika hjá körlum yfir sextíu og fimm ára aldri.

Um það bil 86% unglunga þjáðust af meinviðbrögðum (adverse reaction) við bóluefni Pfizer við tilraunabólusetningar. Eitt af níu börnum þjáðust af svo heiftarlegum viðbrögðum, að þau voru ekki fær um að sinna daglegri sýslu sinni.“ (Robert Kennedy: The Real Anthony Fauci.)

Hér er einungis að litlum hluta fjallað um tilraunabólusetningarrannsókn Pfizer, sem Landlæknisembættið leggur til grundvallar, þegar það mælir með bólusetningu barna.

<https://www.foxnews.com/media/ohio-woman-daughter-covid-vaccine-reaction-wheelchair>